



Foreldrafélag Smáraskóla  
Dalsmára 1  
201 Kópavogur


Kópavogi, 11. febrúar 2025  
2502922/502.00 ÁH

### Efni: Svar við bréfi foreldrafélags Smáraskóla – Áskorun til bæjarstjórnar

Með bréfi, dags. 27. janúar 2025, sendi foreldrafélag Smáraskóla áskorun til bæjarstjórnar um að forgangsraða stækkun á Smáraskóla þar sem nemendum hefur fjölgað umfram getu skólans. Í áskoruninni óskar foreldrafélagið eftir upplýsingum um stöðu áætlunar um stækkun á Smáraskóla, staða á hönnun og framkvæmdaráætlun.

Menntasvið og umhverfissvið vinna í sameiningu að þróun húsnæðismála grunnskóla og í góðu samráði við stjórnendur skólanna. Náð er fylgst með þróun hverfa bæjarins m.t.t. íbúðapróunar og fjölgunar nemenda.

Þróun nemendafjölda í Smáraskóla síðustu ár hefur ekki verið í takt við upphaflegar væntingar um mögulega fjölgun nemenda samhliða fjölgun íbúða í hverfinu. Fjölgun nemenda hefur verið nokkur en ekki með þeim hætti að brýn þörf hafi verið til stækkunar skólans með gerð viðbyggingar. Áfram er fylgst með íbúðapróun og fjölgun nemenda í skólahverfi Smáraskóla, sem og öðrum skólahverfum, og lagt er mat á hvar þörf er brýnust hverju sinni. Miðað við núverandi upplýsingar um fjölda íbúa og aldurssamsetningu í skólahverfi Smáraskóla, sem og spá um mögulega fjölgun íbúa vegna fjölgunar íbúða á næstu árum, þá er ekki gert ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda. Á mynd hér að neðan má sjá hvernig nemendafjöldi hefur þróast síðustu ár ásamt spá um fjölda nemenda næstu ár.



Eftir því sem aðstæður breytast verða húsnæðismál endurskoðuð á ný. Með hliðsjón af núverandi aðstæðum hafa umhverfissvið og menntasvið farið yfir nauðsynlegar úrbætur í húsnæðismálum Smáraskóla í samráði við skólastjórnendur, í þeim tilgangi að mæta áætlaðri fjölgun nemenda.



Ákveðið hefur verið að bæta þremur lausum kennslustofum við þær þrjár sem fyrir eru á lóð Smáraskóla. Jafnframt hefur verið ákveðið að ganga frá tengigangi við lausu stofunnar til að bæta aðstæður og nýtingarmöguleika stofanna til muna. Sambærilegur gangur er við lausar stofur á lóð Kársnesskóla sem hefur gefið mjög góða raun. Undirbúningur framkvæmda er hafinn og stofunnar verða teknar í notkun næsta haust.

Jafnframt verða mótaðar tillögur í samráði við skólastjórnendur varðandi mögulegar breytingar á húsnæði Smáraskóla í þeim tilgangi að bæta aðstæður og aðbúnað fyrir starfsfólk og nemendur.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir  
Sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir  
Sviðsstjóri umhverfissviðs

